

Fulltrúar í stjórn hlutafélags samkvæmt 1. gr. skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra. Iðnaðarráðherra skipar formann stjórnar.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

7. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við nógildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess, sbr. þó 6. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Aukaframlag skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda.

Enn fremur er heimilt að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. desember 1975.

Skilyrði þess, að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar, er:

- a. að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar samkvæmt 25. gr.,
- b. að sveitarfélag hafi innheimt fasteignaskatt með álagi skv. 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess, sbr. þó 13. gr. laga nr. 11 1975,
- c. að sveitarfélag hafi fyrir 1. október sent umsókn um aukaframlag til félagsmálaráðuneytisins og láti fylgja umsókn nauðsynleg gögn um þörf aukafram-

lags, svo sem ársreikninga næstliðins árs, fjárhagsáætlun liðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. stafliðum a—c hér að framan.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafist sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c-lið.

Við ákvörðun aukaframlaga til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kaup-tilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi, og skal geta nafns og nafnnumers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.